

# Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2025-2026



**BLINDRAFÉLAGIÐ**

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939





**Ársskýrsla Blindrafélagsins**  
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi  
fyrir starfsárið 2025-2026

<b>Ársskýrsla Blindrafélagsins .....</b>	<b>3</b>
Stjórn.....	3
Starfsmenn.....	3
Rekstrarniðurstaða.....	4
Aðal-, félags- og stjórnarfundir .....	4
<b>Verkefni og fjáraflanir.....</b>	<b>5</b>
Vörusala og tækjaleiga .....	5
Þjónustusamningar og styrkir .....	5
Styrkur frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu fyrir árið 2025 .....	5
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg.....	5
Styrkur frá ÖBÍ réttindasamtökum .....	6
Aðrir styrkir og gjafir.....	6
Bakhjarlar .....	6
Happdrætti .....	6
Víðsjá .....	7
Jólakort.....	7
Leiðsöguhundaverkefnið.....	7
Fyrirtækjasöfnun .....	7
<b>Rekstur Hamrahlíðar 17.....</b>	<b>7</b>
Útleiga á húsnæði .....	7
Stækkun og endurbætur Hamrahlíðar 17.....	8
Atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra .....	8
<b>Áhersluverkefni og ferðaþjónusta .....</b>	<b>8</b>
Ferðaþjónusta.....	8
Réttindagæsla .....	9
Alþjóðasamstarf .....	9
Tæknimál og tækniráðgjöf.....	10
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra .....	10
Vefvarp Blindrafélagsins.....	10
GoBox, textalesturstæki frá Solutions Radio.....	10
Vefpula.....	11
Máltækniáætlun.....	11
BlindShell-farsímar .....	11
NaviLens.....	11
Opinn tími með tölvu- og tækniráðgjöfum .....	11
Aðgengismál .....	12
Mötuneyti Blindrafélagsins.....	12
Útgáfa og upplýsingaflæði.....	12
<b>Félagsmál og jafningjastuðningur .....</b>	<b>13</b>
Aðalfélagar Blindrafélagsins.....	13
Trúnaðarmenn .....	14
Félagsstarfið.....	14
Opíð hús.....	14
Foreldradeild .....	15
Leiðsöguhundadeildin.....	16
Retina Ísland .....	16
Ungblind .....	17
Skemmtinefnd .....	17
Bókmenntaklúbbur .....	17
Kór 17	

Sjónlýsingar.....	17
Heilsuklúbbur Blindrafélagsins.....	18
Íslenskunámskeið .....	18
Heimsókn Sam Seavey .....	18
Molar og kaffi .....	18
Prjónakaffi.....	19
<b>Samstarfsaðilar innanlands .....</b>	<b>19</b>
<b>Lokaorð formanns .....</b>	<b>19</b>
<b><i>Aðrar skýrslur.....</i></b>	<b>20</b>
<b>Blindravinnustofan .....</b>	<b>20</b>
<b>Sjónstöðin.....</b>	<b>21</b>
<b>Hljóðbókasafnið .....</b>	<b>24</b>
<b>Sameiningaráform einkenndu árið hjá Hljóðbókasafni Íslands .....</b>	<b>24</b>
<b>Viðauki: Samfélagslegur og fjárhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra á Íslandi .....</b>	<b>27</b>

## Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2025–2026 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Ítarlegri upplýsingar má finna í ársreikningum félagsins, fundargerðum aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

### Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2025–2026 voru eftirfarandi:

Sigþór U. Hallfredsson, formaður (2024–2026)

Rósa María Hjörvar, varaformaður (2024–2026)

Unnur Þöll Benediktsdóttir, gjaldkeri (2025–2027)

Porkell J. Steindal, meðstjórnandi (2025–2027)

Sandra Dögg Guðmundsdóttir, ritari (2024–2026)

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir, varamaður (2024–2026)

Guðmundur Rafn Bjarnason, varamaður (2025–2027)

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, varamaður (2025–2027)

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2024–2026)

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosin til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Sigþór U. Hallfredsson

Rósa María Hjörvar

Sandra Dögg Guðmundsdóttir

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir

Þórarinn Þórhallsson

### Starfsmenn

Alls störfuðu 22 einstaklingar hjá félaginu í 12,04 stöðugildum. Breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu. Halldór Sævar Guðbergsson, Ása Ottesen og Guðrún Guðbjörnsdóttir létu af störfum. Ingibjörg Björnsdóttir hóf störf hjá félaginu í febrúar 2026.

Í maí 2026 starfa eftirtaldir starfsmenn hjá félaginu:

Ásrún Harðardóttir, afgreiðsla

Baldur Snær Sigurðsson, verkefnastjóri og tækniráðgjafi

Björn Alfredsson, skjalavinnsla

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður

Daníel Anton Benediktsson, húsvörður  
Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla  
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustu  
Ingibjörg Björnsdóttir, kynningar- og fjáröflunarfulltrúi  
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi  
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður  
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri  
Kristín Waage, bókarí  
Lára Kristín Lárusdóttir, skrifstofustjóri og fasteignaumsjón  
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi  
Mónika Elísabet Kjartansdóttir, samskiptastjóri og aðstoðarmaður framkvæmdastjóra  
Rúna Garðarsdóttir, félagsmálafulltrúi  
Sigþór U. Hallfredsson, formaður  
Þórkátla Norðquist, matartæknir

Það er stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er ánægjulegt að greina frá því að af þeim 18 starfsmönnum sem taldir er upp hér að framan eru 11 blindir eða sjónskertir.

## **Rekstrarniðurstaða**

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu, heildarvelta félagsins á árinu 2025 nam 385,7 m.kr. sem er 19,9 m.kr. aukning frá 2024. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 40,6 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman jákvæð um 25,2 m.kr. Sjá nánar í ársreikningnum.

## **Aðal-, félags- og stjórnarfundir**

Aðalfundur Blindrafélagsins var haldinn 10. maí 2025 með hefðbundnum hætti og í gegnum fjarfundabúnað. Einnig var hægt að hlusta á hann í beinni útsendingu í Vefvarpinu.

Félagsfundur var haldinn 26. mars 2025. Á fundinum var kynning á innra starfi félagsins.

Annar félagsfundur var haldinn 18. mars 2026 í Hamrahlíð 17, einnig sem fjarfundur í gegnum fjarfundabúnað og í útsendingu í Vefvarpinu. Á fundinum

var fjallað um færniþúðir fyrir blind og sjónskert ungmenni og málefni tengd líkamsstöðu og öndun.

## Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (56,8%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðsþori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að hardna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2025 skiluðu fjáraflanir félagsins 105,6 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 87,7 m.kr. árið á undan.

## Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru- og þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 30,7 m.kr. Þetta er 2,6% lækkun frá fyrra ári. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskertra í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auki selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

## Þjónustusamningar og styrkir

### *Styrkur frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu fyrir árið 2025*

Blindrafélagið hefur undanfarin ár fengið rekstrarstyrk frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Fyrir árið 2025 nam rekstrarstyrkurinn 15 m.kr. Að auki styrkir félags- og húsnæðismálaráðuneytið íslenskunámskeið Blindrafélagsins.

### *Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg*

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2025 hljóðaði upp á 3,3 m.kr.



### *Styrkur frá ÖBÍ réttindasamtökum*

ÖBÍ réttindasamtök veita aðildarfélögum sínum árlega rekstrarstyrki og styrki til ýmissa verkefna. Styrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2025 var 10 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins.

### *Aðrir styrkir og gjafir*

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

### *Bakhjarlar*

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú rétt tæplega 7.000 manns. Þar af greiða 5.162 aðilar mánaðarlega og 1.708 árlega. Bakhjarlakerfið skilaði 80,1 m.kr. tekjum umfram gjöld á árinu 2025, á móti 69,5 m.kr. 2024.

Samstarfið við Takk hélt áfram á árinu. Í samstarfinu felst að starfsfólk Takk kortleggur sóknarfæri, hefur samband við einstaklinga og býður þeim að gerast bakhjarlar félagsins með föstu mánaðarlegu framlagi. Einnig sinna þau götुकynningarstarfi, þar sem þau ganga um bæinn, kynna stuðningsfyrirkomulagið og félagið á fjölförnum stöðum. Takk sér jafnframt um að viðhalda tengslum við bakhjarla og annast þjónustuverkefni hvað varðar breytingar á styrktaraðild. Að meðaltali greiða bakhjarlar 2.034 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging vegna slysa, tímaritið Víðsjá og leiðsöguhundadagatal.

### *Happdrætti*

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári, sumarhappdrætti með útdrætti í júlí annars vegar og nóvember/desember hins vegar.

Gefin voru út 60.000 miðanúmer í hvoru happdrætti.

Happdrættismiði á pappír var sendur til þeirra sem höfðu áður greitt miða í happdrættinu, yngri markhópar fengu einungis rafræna miða. Sala í gegnum samfélagsmiðla og tölvupóstsendingar hefur aukist verulega frá því að byrjað var á kynningum í gegnum þá.

Miðaverð var 3.900 kr. og skilaði happdrættið félaginu 37,7 m.kr. afkomu þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hafði verið reiknaður sem er 7,2 m.kr. betri afkoma en 2024.

## Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom út að vanda tvisvar á árinu 2025. Víðsjá er bæði mikilvægt málagn Blindrafélagsins og fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar liggja í valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent, auglýsingum, lógó og styrktarlínunum. Á árinu 2025 skilaði Víðsjá 10,3 m.kr. í tekjur umfram kostnað miðað við 9,4 m.kr. árið 2024.

## Jólaort

Tekjur af jólaortasölu á árinu umfram kostnað voru 1,3 m.kr. samanborið við 1,6 m.kr. árið 2024.

Salan fer að mestu fram með útsendingu á jólaortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda. Alls voru sendir út 1190 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr.

## Leiðsöguhundaverkefnið

Í dag eru 18 leiðsöguhundar starfandi á Íslandi.

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Sjónstöðvarinnar. Á árinu 2025 var dagatalið gefið út í 12.500 eintökum.

Kassasala var hjá Bónus, Samkaupum, Nettó, Byko og A4, dagatalið var selt á 2.600 kr. Samtals seldust 2.435 eintök. Send voru út 3.174 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.990 kr. Afkoma á árinu 2025 var jákvæð upp á 4,7 m.kr. sem er 1,1 m.kr. lægra en árið 2024.

Framlög og söfnunarfé til leiðsöguhundaverkefnisins á árinu var 12 m.kr.

## Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum og líka til hóps stærri og „álitlegri“ fyrirtækja. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var tæplega 2,2 m.kr. en árið á undan var afkoman um 500.000 kr.

## Rekstur Hamrahlíðar 17

### Útleiga á húsnæði

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2024 voru 95,6 m.kr. á móti 81,3 m.kr. árið á undan.

Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

1. hæð: Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.
2. hæð: Félagsheimili Blindrafélagsins er einnig á hæðinni og salur sem leigður er út til félagsmanna.
3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri dvalar.
5. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur.
6. hæð: Sjónstöðin.

Var nýtingin á gestaherbergjum og íbúðum sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð): 32,7%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 25,7%

Íbúð 304 (gestaherbergi): 36,1%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 32,6%

#### *Stækkun og endurbætur Hamrahlíðar 17*

Framkvæmdum við 5. og 6. hæð hússins er nú lokið. Sjónstöðin færði starfsemi sína upp á 6. hæð 2024, en í lok árs 2025 fluttu Augnlæknar Reykjavíkur inn á 5. hæðina í ný og vönduð húsakynni.

Í kjölfar flutninga Augnlækna Reykjavíkur hefur rýmið á 2. hæð losnað og er nú leitað að nýjum leigjendum. Jafnframt er unnið að lagfæringum á merkingum og leiðarlínunum í sameign hússins.

#### *Atvinnuþáttaka blindra og sjónskertra*

Blindrafélagið lét vinna skýrslu um samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning af atvinnuþáttöku blindra og sjónskertra. Skýrslan sýnir að atvinnuþáttaka þessa hóps á Íslandi er með því hæsta sem þekkist og að aukin atvinnuþáttaka skilar umtalsverðum þjóðhagslegum ávinningi. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar og afhentar félags- og húsnæðismálaráðherra á degi hvíta stafsins í október 2025. Skýrsluna má sjá í viðauka.

## **Áhersluverkefni og ferðaþjónusta**

### *Ferðaþjónusta*

Í lok ársins 2025 voru 719 einstaklingar með ferðaþjónustusamning

<b>Sveitarfélag</b>	<b>Fjöldi ferða</b>
Afsláttarkorthafar	2.381
Akureyrarbær	769
Bláskógabyggð	7
Fjarðabyggð	33

Garðabær	1.415
Hafnarfjarðarkaupstaður	3.943
Hveragerðisbær	19
Ísafjarðarbær ferðir í Reykjavík	11
Kópavogsbær	6.830
Kópavogsbær A-korthafar	3.993
Mosfellsbær	943
Reykjavíkurborg	31.698
Seltjarnarnesbær	333
Seltjarnarnesbær A-korthafar	190
Skagafjörður	78
Stykkishólmsbær	28
Sveitarfélagið Árborg	412
Sveitarfélagið Hornafjörður	4
Vestmannaeyjabær	10
<b>Samtals</b>	<b>52.097</b>

#### Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

#### Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænu blindrasamtakanna og heldur þrjá fundi árlega, einn staðfund og tvo rafrænt. Fulltrúar félagsins taka líka þátt í starfi ungmennanefndar og jafnréttisnefndar NSK.

Í byrjun janúar 2026 var haldin norræn ráðstefna um atvinnumál blindra og sjónskertra í endurhæfingarmiðstöðinni í Hurdal í Noregi. Blindrafélagið sendi 10 manna hóp á ráðstefnuna. Haldin voru erindi um m.a. hindranir og fordóma í atvinnuþátttöku, atvinnuöguleika ungmenna, gervigreind sem hjálpartæki, reynslu einstaklinga í atvinnuleit og -lífi og um stuðning sem samfélagið veitir.

Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU), Retina International (RI) og European Guide Dog Federation. Innan EBU starfa ýmsar nefndir og starfshópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál og aðgengi, punktaletursmál og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum.

### *Tæknimál og tækniráðgjöf*

Félagið fylgist með þróun í tækni og tólum sem eru hugsuð fyrir blinda og sjónskerta notendur.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar hjá félaginu við hin ýmsu tölva- og tæknimál og það sem þeir þurfa hjálp við. Mikil samvinna er með Sjónstöðinni og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar við sína daglegu notkun tölva og tækja.

### *Talgervilsraddirnar Karl og Dóra*

Blindrafélagið er enn að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Einnig er hægt að kaupa raddirnar hjá Blindrafélaginu.

### *Vefvarp Blindrafélagsins*

Við höfum haldið áfram að bæta nýju efni inn í Vefvarpið. Fleiri vefsíður hafa verið settar inn eftir óskum notenda og stöðugt bætast við íslenskir hlaðvarpsþættir. Hægt er að nálgast um 70 íslenska vinsæla hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu og við hvetjum fólk til að láta okkur vita ef það veit um hlaðvarp sem það vill geta hlustað á í tækinu.

Fræðsluerindi, félagsfundir, aðalfundir og aðrir viðburðir sem haldnir eru í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17 eru sendir út í beinni útsendingu í Vefvarpinu. Opið hús er einnig sent út í beinni útsendingu tvisvar í viku fyrir þau sem ekki sjá sér fært að mæta í Hamrahlíð 17. Þau sem missa af beinu útsendingunni eða vilja hlusta aftur á eldri viðburði geta hlustað á upptökur frá viðburðum í Vefvarpinu.

### *GoBox, textalesturstæki frá Solutions Radio*

Blindrafélagið hefur keypt nokkur GoBox-tæki frá Solutions Radio og hefur lánað Sjónstöðinni tækin í prufuverkefni til að meta notagildi og virkni tækjanna. GoBox les á íslensku þann texta sem kemur upp á sjónvarpsskjáinn hverju sinni. Lesturinn virkar svipað og hann gerir í Vefvarpi Blindrafélagsins, en með GoBox er hægt að horfa á hvaða efni sem er frá öllum efnisveitum, svo lengi sem efnið býður upp á íslenskan texta.

Við vonumst til að GoBox verði úthlutað sem hjálpartæki hjá Sjónstöðinni til þeirra notenda sem hafa mesta þörf fyrir það, en tækið verður einnig til sölu í verslun Blindrafélagsins síðar á þessu ári.

### *Vefpula*

Blindrafélagið heldur áfram samstarfi við sænska og hollenska tæknifyrirtækið ReadSpeaker með rekstri, kynningu og sölu á vefpulunni og öðrum lausnum frá fyrirtækinu. Vefpulan, eða Hlusta-hnappurinn eins og hún er oft kölluð, er notuð á mörgum vefjum og nýtist mörgum mjög vel.

### *Máltækniáætlun*

Blindrafélagið hefur lagt sitt af mörkum í starfsemi Almennaróms og íslensku Máltækniáætlunarinnar. Félagið hefur verið í ráðgjafarhlutverki og gert prófanir á nýjum íslenskum talgervilsróddum sem og öðrum lausnum tengdum máltækni.

### *BlindShell-farsímar*

Blindrafélagið vinnur náðið með fyrirtækinu Matapo sem er framleiðandi BlindShell-farsíma fyrir blinda og sjónskerta. Símararnir hlusta og tala á íslensku og hafa áþreifanlegt talnaborð. Símararnir bjóða upp á margt sem almennir snjallsímar gera, eins og að veita upplýsingar um veður, aðgang að tölvupósti og dagatali og margt fleira. Blindrafélagið hefur þýtt viðmót símans og unnið með Matapo til að koma símanum hingað á markað. BlindShell Classic 2 og Classic 3 símararnir eru til sölu í verslun Blindrafélagsins og er hægt að fá annaðhvort svarta eða gyllta.

### *NaviLens*

Blindrafélagið heldur áfram samstarfi við NaviLens, sem er tækni sem virkar á svipaðan hátt og QR-kóðar. Umboð fyrir NaviLens á Íslandi er hjá Reykjavík Marketing og vinnur Blindrafélagið náðið með því fyrirtæki í nokkrum verkefnum. NaviLens-kóðana er mögulegt að greina úr 12 sinnum meiri fjarlægð en QR-kóða í sömu stærð.

Í janúar 2023 var tilkynnt um samstarf Blindrafélagsins og Strætós um uppsetningu á NaviLens á öllum stoppistöðvum Strætós. Þetta verkefni er enn í vinnslu en nokkrar stöðvar og leiðir 13 og 14 hjá Strætó eru nú merktar með NaviLens-kóðum.

### *Opinn tími með tölvu- og tækniráðgjöfum*

Í vetur hafa Blindrafélagið og Sjónstöðin boðið upp á opna ráðgjafatíma einu sinni í mánuði þar sem fólk getur mætt og fengið aðstoð við sín tæknivandamál. Þessir opnu tímar hafa þróast í gegnum mánuðina og nú er einnig boðið upp á

almennan fróðleik í byrjun og svo er almennt spjall með þeim sem mæta um hvað er að gerast í tækninni hverju sinni. Þetta er gott tækifæri til að mæta og sækja sér jafningjastuðning og heyra frá öðrum félögum sem eru einnig að glíma við tæknina.

### *Aðgengismál*

Blindrafélagið hefur unnið að aðgengismálum í samstarfi við Reykjavíkurborg, m.a. í tengslum við Borgarlínuna og við hönnun nýrra útisvæða í borginni, þar sem áhersla hefur verið lögð á aðgengi fyrir alla.

### *Mötuneyti Blindrafélagsins*

Árið 2025 seldust 5.718 máltíðir sem er á svipuðum stað og árið áður.

Í 65 Opnu húsi seldust 482 kaffiskammtar. Gestir í boði umsjónarmanna voru 38 og 24 leikskólabörn komu og sungu fyrir okkur. Sjö nýir komu inn og þeim var kynnt starfsemi Opins húss.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímunum.

Í starfinu er unnið eftir ráðum sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvetur matartæknir einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum en dagleg þrif eru stór þáttur í starfi matartækni sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er gæðaeftirlitskerfinu GÁMES fylgt og farið eftir því. Því er farið vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Ástand þeirra er kannað, þakkingar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði.

Stefnan er að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

### *Útgáfa og upplýsingaflæði*

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öflugu upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Flestum viðburðum og öllum fundum er streymt í Vefvarpið.
- Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út tvisvar í mánuði og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.
- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða og Instagram félagsins eru mikilvæg tól til að miðla til almennings upplýsingum um starfsemi félagsins.

### Hljóðbrot

Hljóðbrot, hlaðvarp Blindrafélagsins, er gefið út tvisvar í mánuði, annan og fjórða föstudag hvers mánaðar. Umsjónarmenn Hljóðbrots eru þeir Eypór Kamban Þrastarson, Hlynur Þór Agnarsson og Már Gunnarsson.

Í Hljóðbroti er ávallt leitast við að velja viðfangsefni sem höfða til breiðs hóps, bæði innan og utan raða félagsfólks Blindrafélagsins. Dæmi um umfjöllunarefni síðasta árs eru færniþúðir sem haldnar voru á Íslandi í október 2024, gervigreind og tækninýjungar, nýjar íslenskar raddir fyrir Apple-snjalltæki, rannsókn á blindu og sjónskertu íþróttafólki, viðtal við sjálfboðaliða hjá Bresku leiðsöguhundasamtökunum, viðtal við Patrek Axel Andrésson, sem varð fyrsti sjónskerti einstaklingurinn til að útskrifast sem sjúkráþjálfari hérlendis, viðtal við Sam Seavey sem kom hingað til lands í fyrra, umfjöllun um Hljóðbókasafn Íslands, auk þess sem við kíktum í heimsókn og kynntumst starfi ýmissa deilda innan Blindrafélagsins og tókum nærmyndarviðtöl við nokkra félagsmenn.

Hljóðbrot er aðgengilegt í öllum helstu streymisveitum, s.s. Spotify, Google Podcast og Apple Podcast, sem og í Vefvarpi Blindrafélagsins.

### Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom út tvisvar á árinu 2025. Að þessu sinni voru forsiðuviðtöl tekin við Emilíu Jónsdóttur og Gísla Helgason. Ritstjórar Víðsjár eru Mónica Elísabet Kjartansdóttir og Marjakaisa Matthíasson.

## **Félagsmál og jafningjastuðningur**

### *Aðalfélagar Blindrafélagsins*

Aðalfélagar Blindrafélagsins eru nú 792 talsins auk þess sem bakhjarlar eru 6870, samtals eru því 7662 einstaklingar skráðir í félagatal Blindrafélagsins. Frá byrjun maí 2025 til apríl 2026 hafa 62 manns bæst í hópinn. Trúnaðarmenn fá upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt



er. Þjónusta félagsins, m.a. ferðapjónusta blindra, ókeypis aðgangur að 1818 og félagsstarf innan Blindrafélagsins, er einnig kynnt.

Erindi hafa verið haldin fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd, að jafnaði einu sinni í mánuði. Námskeiðunum fjölgaði smám saman og urðu þau að lokum það mörg að Blindrafélagið taldi sig ekki lengur geta boðið upp á þessa fríu þjónustu. Síðastliðið haust gerði Ökuskólinn kröfu um að námskeiðið yrði jafnframt haldið á ensku. Þar sem allir bílstjórar hjá Hreyfli eiga að tala íslensku var talið að ekki væri skylt að verða við þeirri kröfu. Í kjölfarið var samstarfinu hætt og hefur fræðslu fyrir leigubílstjóra verið sinnt af öðrum.

### *Trúnaðarmenn*

Trúnaðarmenn hafa reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á jafningjagrunni. Lítill hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó oft hringingu frá trúnaðarmanni sínum. Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafarþjónustu hjá Sjónstöðinni. Trúnaðarmenn á árinu voru þau Dagný Kristmannsdóttir, Guðrún Guðbjörnsdóttir í afleysingum, Halldór Sævar Guðbergsson og Jón Helgi Gíslason.

### *Félagsstarfið*

#### *Opið hús*

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna. Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi verið að meðaltali 12–15 manns. Opið hús var eins og áður á þriðjudögum og fimmtudögum í salnum okkar á 2. hæð. Áfram hældum við með beinar útsendingar í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins ásamt því að hafa aðgengilegar upptökur af eldri Opnum húsum hvenær sem fólk hentar að hlusta. Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og auka einnig möguleika þeirra sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu eða eiga ekki heimangengt. Umsjónarmenn Opna hússins voru Jónína Herborg Jónsdóttir, Steinunn Helgu Hákonardóttir, Anna Sigríður Helgadóttir, Unnar Þór Reynisson og Kaisu Kukka-Maaria Hynninen. Einnig kom 67+ nefndin inn sem gestaumsjónarmenn. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær

skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Lára Kristín Lárusdóttir hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmdri dagskrá.

Opið hús fer reglulega yfir árið í ferðir og heimsóknir. Í vorferðinni keyrðum við til Sólheima þar sem við fengum kaffi og pönnukökur. Við fengum síðan leiðsögn um vinnustofuna, gróðurhúsið og verslun þeirra og nutum dagsins saman í sól og blíðu. Dagurinn endaði síðan á dýrindis kvöldverði í Grímsborgum áður en við héldum heim á leið.

Um haustið fórum við í ferð sem byrjaði á stoppi í kaffihúsinu Blómasetrinu í Borgarnesi þar sem við gæddum okkur á kaffi, kleinum og ástarpungum áður en við héldum ferð okkar áfram í Stykkishólm. Á leið okkar þangað bættist formaður félagsins við í rútuna og sagði okkur frá áhugaverðum stöðum á leiðinni. Þegar komið var í Stykkishólm tók bæjarstjórinn á móti okkur og sagði okkur sögu bæjarins. Síðan var rölt yfir í Norska húsið og safnið skoðað. Ferðin okkar endaði á því að borða kvöldverð á Miðhrauni áður en lagt var af stað í bæinn.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði tvisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur, ýmist með tónlistardagskrá eða bara góðu kaffispjalli. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið einu sinni.

#### *Foreldradeild*

Haldið var áfram með spunaspilakvöldin Drekar og dýflissur aðra hvora viku. Einnig hafa verið haldin almenn spilakvöld með ýmis borð- og kortaspil og tekur 10–15 manna hópur á öllum aldri þátt. Þau sem vilja geta notað símahugbúnaðinn RetinAid Tabletop sem sjónlýsir spilum og veitir blindum og sjónskertum betra aðgengi að hinum ört stækkandi heimi fjölbreyttra spila.

Sumarhátíð foreldradeildar og sjóðsins Blind börn á Íslandi var haldin 9. ágúst sl. og tókst ákaflega vel til. Hin hefðbundna jólaskemmtun var haldin 14. desember. Harpa bauð félögum í foreldradeild og fleirum á glæsilega jólatónleika.

Blindrafélagið, Sjónstöðin, Íþróttafélag fatlaðra og Reykjadalur undir leiðsögn Háskólans í Reykjavík héldu færnibúðir í Reykjadal fyrir börn og ungmenni á aldrinum 9–25 ára. Hugmyndafræðin er fengin frá Bandaríkjunum og stýrði stofnandi búðanna þeim ásamt gestum frá Bandaríkjunum.

Tilgangur færnibúðanna er að valdefla þátttakendur. Í þeim gefst blindum og sjónskertum börnum og ungmennum tækifæri til að spreyta sig í ýmsum íþróttum eða leikjum sem þau hefðu annars ekki haft tækifæri til að prófa. Unnið var með einstaklingnum maður á mann og þátttakendur fengu að miklu leyti tækifæri til að velja sjálfir áskoranir. Á sama tíma fór fram færnimat sem Háskólinn í Reykjavík sá um. Færnimatið nýtist svo fyrir þátttakendur í áframhaldandi þjálfun, t.d. með íþróttakennurum. Tveir þátttakendur úr færnibúðunum tóku sumarið 2025 þátt í Camp Abilities sumarþúðum í Bandaríkjunum og voru þátttakendur mjög ánægðir með dvölinu.

### *Leiðsöguhundadeildin*

Leiðsöguhundadeild Blindrafélagsins hefur staðið fyrir reglulegum viðburðum þar sem boðið hefur verið upp á ýmiss konar fræðslu. Markmið viðburðanna er að bæta þekkingu og færni notenda og að læra hvert af öðru.

Síðustu helgina í ágúst 2025 var farið í árlega vinnuferð í Stykkishólm. Helgin er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Sjónstöðvarinnar. Deildin er einnig í samstarfi við hundavinaverkefni Rauða krossins. Með samstarfinu gefst leiðsöguhundanutendum kostur á að fara í göngur með sjálfboðaliðum, fá félagsskap og kynnast nýjum gönguleiðum.

Deildin var með viðveru á stórhundasýningunni í Garðheimum þar sem áhugasamir fengu upplýsingar um leiðsöguhunda. Deildin heldur einnig úti spjallsíðu á samfélagsmiðlum þar sem fólk getur deilt reynslu og fróðleik.

Formaður leiðsöguhundadeildarinnar er Þorkell J. Steindal.

### *Retina Ísland*

Retina Ísland er vettvangur fólks með arfgenga hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra. Áherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla upplýsingum til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International (RI) og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn 2025 í Fuglsangcentret í Danmörku. Á þessum vettvangi er upplýst um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að í hverju landi og aðrir geta lært af, auk þess að fræðast um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á arfgengum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum.

### Ungblind

Ungblind hefur haldið kaffihúsahtingna nokkrum sinnum á árinu. Þau hafa líka verið með spilakvöld, bíókvöld fyrir jólin, matreiðslunámskeið undir leiðsögn Rósu Ragnarsdóttur og ratleik þar sem notast var við NaviLens-kóða í samstarfi við Þorkel J. Steindal. Síðasti viðburður vetrarins er keila í byrjun maí. Hluti af hópnum tók einnig þátt í færniþúðunum.

### Skemmtinefnd

Skemmtinefndin sá um margar skemmtanir á árinu: haustfagnað, jólahlaðborð, þorablót og vorfagnað. Góð mæting var á alla viðburðina. Rúna Garðarsdóttir hætti sem formaður nefndarinnar og tók Halla Sigurþórsdóttir við af henni. Auk hennar eru í nefndinni Þórarinn Þórhallsson, Guðrún Helga Skúladóttir og Rósa Ragnarsdóttir.

### Bókmenntaklúbbur

Bókmenntaklúbburinn hittist sem fyrr tvisvar í mánuði í fundarherberginu á 2. hæð kl. 14:30–15:45.

Lesnar voru 14 bækur í vetur. Hópurinn átti ánægjulegar samverustundir og skipst var á ólíkum skoðunum um bækurnar. Sem fyrr veitti Hulda Pétursdóttir, starfsmaður á Hljóðbókasafninu, bókmenntaklúbbnum frábæra þjónustu. Umsjón með bókmenntaklúbbnum hefur Brynja Arthúrsdóttir.

### Kór

Kór Blindrafélagsins var stofnaður í byrjun árs 2025 og fékk nafnið Bjartsýni. Starfið hefur farið vel af stað og fékk kórinn m.a. hvatningarverðlaun Listar án landamæra og söng í Iðnó af því tilefni síðastliðið haust. Kórinn hélt nokkra tónleika: söng í maí í Hörpuhorni, tók þátt í menningarnótt og söng á viðburði þar sem hvatningarverðlaun ÖBÍ voru afhent og í jólahlaðborði Blindrafélagsins. Einsöngvarar kórsins eru þær Dagbjört Andrésdóttir og Iva Marín Adrichem. Stefan Sand og Arnhildur Valgarðsdóttir sjá um kórstjórn. Kórinn æfir einu sinni í viku og eru kórfélagar um 15 talsins.

### Sjónlýsingar

Blindrafélagið hefur haldið áfram að vinna að sjónlýsingum í samstarfi við söfn og aðrar stofnanir. Heimildarmyndin Fyrir allra augum (e. Acting Normal with CVI) um Dagbjörtu Andrésdóttur var sýnd á RÚV 2 með sjónlýsingu. Leiksýningin Íbúð 10B var jafnframt sýnd með sjónlýsingu í Þjóðleikhúsinu. Þá hélt Knattspyrnusamband Íslands áfram að bjóða upp á sjónlýsingu á landsleikjum Íslands á Laugardalsvelli.

### Heilsuklúbbur Blindrafélagsins

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins er starfandi frá hausti til vors. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum, jóga og slökun og eru tímarnir á þriðjudögum og fimmtudögum. Virkir iðkendur í salnum eru um 10–15 manns. Umsjón með heilsuklúbbum hefur Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

### Skíðaferð

Farið var í gönguskíðaferð á Drangsnæs 6.–8. febrúar. Ferðin heppnaðist vel og voru þátttakendur ánægðir.

### Spaðabolti

Spaðaboltaborð í eigu félagsins er staðsett í Hamrahlíð 17. Starfsemin veitir fólki á öllum aldri tækifæri til að stunda íþrótt sem er sérstaklega hönnuð fyrir blint og sjónskert fólk, þar sem allir spila á jafnréttisgrundvelli. Umsjón með spaðaboltanum hefur Halldór Sævar Guðbergsson.

### Íslenskunámskeið

Erlendum félagsmönnum hefur fjölgað í Blindrafélaginu undanfarið ár og hefur félagið fengið styrk til að halda íslenskunámskeið fyrir þá. Sjónskertir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum á venjulegum námskeiðum. Á starfsárinu voru haldin þrjú námskeið, samtals 80 kennslustundir. Kennari íslenskunámskeiðsins hefur verið Rósa Þorsteinsdóttir.

### Heimsókn Sam Seavey

Í september 2025 heimsótti Sam Seavey Blindrafélagið. Sam er sérfræðingur í hjálpartækjum og heldur úti YouTube-rásinni *The Blind Life*, sem leggur áherslu á að styðja einstaklinga með sjónskerðingu í notkun nýrrar tækni og efla sjálfstæði þeirra og sjálfstraust í tækninotkun. Alls voru haldnir þrjú viðburðir með Sam í húsnæði Blindrafélagsins. Viðburðirnir voru annars vegar opinn kynningarfundur, hins vegar lokaður fundur fyrir fagfólk og loks smærri spjallfundur með félagsmönnum þar sem farið var nánar í notkun og miðlun tækni. Viðburðirnir voru allir vel sóttir og var heimsóknin jafnframt vel heppnuð að mati Sam, sem lýsti ánægju með að fá tækifæri til að kynnast starfsemi Blindrafélagsins á Íslandi og heimsækja landið.

### Molar og kaffi

Blindrafélagið hefur boðið blindu og sjónskertu fólki að koma í kaffispyll á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10–12 í Hamrahlíð 17 á 2. hæð. Tilgangur samverunnar er fyrst og fremst að skapa vettvang til að hitta aðra í svipaðri stöðu, deila reynslu og spjalla.

## Prjónakaffi

Prjónakaffið er haldið á þriðja þriðjudegi mánaðar frá september fram í maí kl. 17–19. Þátttakan hefur verið mjög góð. Umsjón með prjónakaffinu hefur Lilja Sveinsdóttir.

## Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Sjónstöðin,
- ÖBÍ réttindasamtök.

## Lokaorð formanns

Húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð 17 hefur á síðustu árum tekið miklum breytingum í takt við uppbyggingu og stækkun til að bæta aðstöðu fyrir starfsemi og þjónustu í húsinu. Stækkunin hefur skilað auknu rými og styrkt stöðu Hamrahlíðar 17 sem þjónustukjarna fyrir blint og sjónskert fólk. Í kjölfar framkvæmdanna hafa Augnlæknar Reykjavíkur flutt starfsemi sína á 5. hæð í ný og glæsileg húsakynni. Lokafrágangur í sameign hússins stendur nú yfir.

Eins og ársreikningur Blindrafélagsins ber með sér hefur rekstur félagsins gengið vel og sama á við um rekstur Blindravinnustofunnar. Félagsstarf Blindrafélagsins hefur verið öflugt og fjölbreytt og sem fyrr gegnt mikilvægu hlutverki í jafningjastuðningi félagsmanna.

Farsælt félagsstarf og góður árangur kemur ekki af sjálfu sér. Ég vil færa stjórn, félagsmönnum Blindrafélagsins, starfsfólki félagsins og Blindravinnustofunnar þakkið fyrir mikilvægt framlag þeirra og störf í þágu blindra og sjónskertra á Íslandi. Þá vil ég einnig þakka samstarfsaðilum félagsins fyrir farsæla samvinnu og velunnurum Blindrafélagsins fyrir ómetanlegan stuðning.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,  
Sigþór U. Hallfredsson

## Aðrar skýrslur

### Blindravinnustofan

**Blindravinnustofan** var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag sem er að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa á hverjum tíma um 30 einstaklingar, þar með taldir rekstrarstjóri, verkstjóri og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi **Blindravinnustofunnar** felst í innflutningi á hreingerningavörum til pökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladess. Blindravinnustofan er með samstarfssamning ÓJK-Ísam sem sér um að dreifa vörum vinnustofunnar til endursöluaðila. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, vörumerkingar og ýmis pökkunarþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Starfsemi Blindravinnustofunnar gekk vel á árinu. Salan jókst á milli ára og ágætlega tókst að mæta verð- og kostnaðarhækkunum frá birgjum og þjónustuaðilum. Þessir þættir ásamt öfluggu starfsfólki skiluðu jákvæðri niðurstöðu fyrir vinnustofuna og var hagnaður af rekstri Blindravinnustofunnar.

## Sjónstöðin

### Um Sjónstöðina

Árið 2025 var sérlega ánægjulegt fyrir starfsemi Sjónstöðvarinnar. Þetta var fyrsta árið okkar í nýju húsnæði og var öll hæðin tekin í notkun. Húsnæðið í heild sinni er mjög vandað og á Blindrafélagið heiður skilinn fyrir að hanna rýmið þannig að það henti sem best fyrir starfsemina, enda eru bæði notendur Sjónstöðvarinnar og starfsfólk yfir sig hrifið af húsnæðinu.

Næstu verkefni sem þyrfti að fara í til að viðhalda þjónustu Sjónstöðvarinnar er að fá ný skoðunartæki fyrir móttöku í komu til sjónfræðinga en tækin sem eru í notkun í dag eru 20–30 ára gömul. Til dæmis er mjög erfitt að taka á móti fólki í hjólastólum þar sem tækin gera ekki ráð fyrir því.

Nýtt tölvukerfi, til að halda utan um þjónustu við notendur, er komið í notkun að fullu. Um er að ræða sjúkraskrárkerfi sem heldur utan um notendamál á öruggan hátt og uppfyllir öll skilyrði landlæknis um öryggi sjúkraskrárupplýsinga en mikið hefur verið rætt um gagnaöryggi á árinu 2025 og mikilvægi þess.

Ríkisstjórnin setti fram þingsályktunartillögu um aukið aðgengi að hjálpartækjum fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á árinu 2023, þ.e. að veitt yrði aukalega fjárveiting upp á samtals 70 m.kr. til nýrra hjálpartækjakaupa á árunum 2024 og 2025. Með þessu breyttist aðgengi að punktaletursskjáum og prenturum, höfuðbornum stækkunartækjum og talandi skönnum fyrir notendur Sjónstöðvarinnar. Áður gat reynst erfitt að endurnýja tæki eða kaupa inn ný tæki þar sem þau kosta sitt en það er algengt að sérhæfð ný hjálpartæki kosti um hálf milljón í innkaupum. Fyrir árið 2025 voru mörg tæki endurnýjuð og sérstök áhersla lögð á aðgengi að punktalettri.

Unndís er nýtt verkefni hjá Vinnumálastofnun og ÖBÍ sem gengur út á fjölgun hlutastarfa og inngildandi vinnustaðamenningu. Vinnumálastofnun heimsótti Sjónstöðina og framkvæmdi mat á því hvort Sjónstöðin væri opinn, sanngjarn og fjölbreyttur vinnustaður. Það er skemmst frá því að segja að Sjónstöðin skoraði hæst af þeim vinnustöðum sem höfðu áður tekið þátt í matinu.

### Könnun um atvinnuþátttöku

Í júní 2025 lét Sjónstöðin framkvæma könnun meðal notenda á atvinnualdri (18–67 ára). Breytingar á örorkulífeyriskerfinu tóku gildi 1. september sama ár og var markmið könnunarinnar að afla gagna um stöðu blindra og sjónskertra á vinnumarkaði áður en breytingarnar áttu sér stað til að meta hvernig þær hafi áhrif á stöðu hópsins.

Könnuninni svöruðu 105 notendur Sjónstöðvarinnar. Þar af voru:

- 43% svarenda sjónskertir



- 42% lögblindir
- 12% blindir

37% svarenda höfðu lokið grunnskólaprófi, 29% stúdentsprófi og 27% háskólaprófi.

57,8% svarenda sögðust vera í launuðu starfi þegar könnunin var gerð og 15% í námi.

49% svarenda töldu sjónskerðingu hafa haft áhrif á menntunarval sitt. 62% töldu menntun sína nýtast vel í starfi. Mikill meirihluti svarenda taldi sér ekki hafa verið neitað um starf vegna sjónskerðingar á síðustu 10 árum. 35% töldu sig hafa orðið fyrir fordómum í námi eða starfi á sama tímabili.

Flestir sem sögðust vera í launuðu starfi voru í hlutastarfi en meðalfjöldi vinnustunda þátttakenda var 27 klst. á viku. Af þeim sem ekki voru í launuðu starfi sögðu 38% svarenda að sjónskerðing væri aðalástæða þess en 40% sögðu að sjónskerðing hefði áhrif á það að hluta til.

Ljóst er að því hærra sem menntunarstig svarenda var, því meiri líkur voru á að þeir væru í launuðu starfi. Jafnframt voru þeir sem eru sjónskertir líklegri til að vera í launuðu starfi, en blindir eru hlutfallslega líklegri en aðrir til að vera utan vinnumarkaðar. Einnig er áberandi að blindir svarendur urðu mun frekar fyrir fordómum í námi og starfi, en 67% blindra svarenda sögðust hafa orðið fyrir fordómum í starfi á síðustu 10 árum, samanborið við 43% lögblindra og 14% sjónskertra.

Niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að atvinnuþátttaka meðal blindra og sjónskertra einstaklinga á aldrinum 18–67 ára er nokkuð góð. Einnig var stór hluti svarenda með háskólamenntun. Að lokum vöktu jákvæð viðhorf svarenda til þjónustu Sjónstöðvarinnar athygli en 87% sögðust vera ánægð með þjónustuna.

## Starfsemin

Í lok árs 2025 eru notendur Sjónstöðvarinnar um 1900 einstaklingar. Alls eru 754 karlmenn á skrá og 1163 konur.

Þar af eru 218 börn á aldrinum 0–18 ára, 440 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára og þá eru 1255 notenda 67 ára og eldri.

Fleiri drengir eru í hópi barna, eða 123, en stúlkur 95. Á atvinnualdri eru 227 karlmenn og 213 konur en þegar kemur að eldri hópnun breytist talan mikið því eingöngu 402 karlmenn eru á skrá en 853 konur. Ástæða þessa má vera sú að konur lifa almennt lengur en karlar.

Aukning hefur orðið á þjónustunni, sem er í takt við aukna fólksfjölgun á Íslandi, en áætlað er að um hálf tólf prósent þjóðarinnar sé með sjónskerðingu.

Ein helsta ástæða sjónskerðingar í hinum vestræna heimi er aldurstengda augnbotnahrörnunin (AMD) og á það sama við um elsta aldurshópinn hér. Af börnum er hæst hlutfall með heilatengda sjónskerðingu. Ekki er hægt að setja

fram nákvæmar tölur þar sem greiningarhluti skráningarkerfisins er ekki kominn með fulla virkni.

Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru um það bil 200 einstaklingar, einstaklingar með síðkomna samþætta skerðingu eru 43 og með meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu teljast um 60 einstaklingar.

Tilvísanir og læknabréf streyma jafnt og þétt, að mestu rafrænt. Við afgreiðum minnst 10 beiðnir í hverri viku. Fjöldi tilvísana er þar af um 230.

Fyrir hönd Sjónstöðvarinnar, Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri

## Hljóðbókasafnið

### Sameiningaráform einkenndu árið hjá Hljóðbókasafni Íslands

Árið 2025 einkenndist af sameiningaráformum, en í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var lögð áhersla á fækkun stofnana og sérstaklega að minni stofnanir sameinuðust.

Frumathugun í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu á fýsileika þess að sameina þrjú eðlisólík söfn, Hljóðbókasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, var metin jákvæð og lá sú niðurstaða fyrir í ágúst.

Í kjölfarið hófst vinna útfærsluhóps og 10 sérhæfðra vinnuhópa starfsfólks safnanna þriggja sem fjölluðu m.a. um tæknimál, húsnæði, fjármál og þjónustu. Í útfærsluhópnum sátu forstöðumenn safnanna ásamt tveimur verkefnastjórum úr ráðuneytinu. Vinnuhóparnir skiluðu síðan skýrslum til ráðuneytisins í nóvember/desember þar sem farið var yfir kosti og galla, mögulega samlegðarþætti og ekki síst sérstöðu hverrar einingar.

Samráðshópur Hljóðbókasafnsins tók þátt í vinnuhópi sem bar heitið *Trygging og efling á þjónustustigi Hljóðbókasafns Íslands*, enda afar brýnt að hagsmunaaðilar og notendur þjónustunnar kæmu að borðinu. Töluverð gagnrýni kom fram meðal hagsmunaaðila á hversu seint samtök sem gæta hagsmuna lánþega komu að málum og einnig að þau ættu ekki fulltrúa í hinum vinnuhópnum.

### Áhersla á sjálfstæði og lög um aðgengi

Í hópnum sem fjallaði um hvernig tryggja mætti áfram og efla góða þjónustu safnsins eftir sameiningu sátu, auk undirritaðrar, Rósa Hjörvar frá Blindrafélaginu, Snævar Ívarsson frá Félagi lesblindra á Íslandi, Sædis Ósk Harðardóttir frá Félagi sérkennara, Elfa Svanhildur Hermannsdóttir frá Sjónstöðinni og þær Guðrún Tryggvadóttir og Magný R. Sigurðardóttir frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Verkefni hópsins var að teikna upp leiðir og mælikvarða sem tryggðu að sú lögbundna þjónusta sem Hljóðbókasafn Íslands veitir skerðist ekki við mögulega sameiningu. Einnig var hópnum falið að skoða hvernig mætti efla þjónustuna, greina helstu þarfir lánþega og hvernig auka mætti tækni og sjálfvirknivæðingu í þjónustunni. Hópurinn hélt sjö fundi á tímabilinu október til desember 2025.

Aðaláherslan var á sjálfstæði þjónustunnar ef til sameiningar kæmi, að þjónustan yrði tryggð með eyrnamerktri fjárveitingu og sterku umboði í takt við löggjöf um réttindi fatlaðs fólks. Lögð var áhersla á að til þess að tryggja áfram þjónustu við lánþegahóp Hljóðbókasafns Íslands þyrfti að hafa mannréttindi að leiðarljósi og skilning á nauðsyn þess að tryggja jafnt aðgengi að lesefni.

Árið einkenndist af töluverðri ólgu vegna sameiningarhugmynda og bent var á að þjónustan væri félagsleg í eðli sínu, lögbundin og nauðsynleg fyrir ákveðna hópa. Hún ætti því lítið sameiginlegt með þjónustu hinna safnanna tveggja. Einnig var undirbúningur að nýju húsnæði safnsins í Hamrahlíð nokkuð langt á veg kominn og m.a. búið að skila inn teikningum til ráðuneytisins.

Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra ákvað því að undirrita viljayfirlýsingu þar sem segir: „Lögð verður áhersla á að þjónusta við notendur skerðist ekki við sameininguna heldur verði aukin, meðal annars með tilkomu fjölbreyttari safnkosts, styrkingu faglegs starfs og nálægð við háskólasamfélagið. Möguleiki á viðveru starfsfólks Hljóðbókasafnsins í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð verður einnig kannaður í samstarfi við samráðshóp Hljóðbókasafnsins.“

### **Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda**

Frestur til að skila inn umsögnum í samráðsgátt stjórnvalda vegna áforma um breytingu á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, þar sem fjallað var um mögulega sameiningu, rann út 20. janúar á þessu ári. Alls bárust 29 umsagnir, þar af margar frá hagsmunaaðilum Hljóðbókasafnsins sem gagnrýndu skort á samráði og mótmæltu fyrirhugaðri sameiningu. Þegar þetta er skrifað hefur enn ekki verið lagt fram frumvarp til laga um breytinguna, en til stendur að það verði gert á haustþingi 2026 samkvæmt upplýsingum úr ráðuneyti.

### **Óvissa er aldrei góð**

Þegar staðið er frammi fyrir svo miklum breytingum og óvissu er nauðsynlegt að huga að mörgum þáttum, en í grunninn snýst málið um þjónustuna og starfsfólkið. Mannauðsmál eru ávallt viðkvæm í miklum breytingum og því var mikilvægt að fá fullvissu fyrir því að allir sem vildu héldu störfum sínum, kæmi til sameiningar. Þjónustan við lánþega er þó alltaf leiðarljósið og lykilatriði að tryggja áframhaldandi gott samstarf við alla hagsmunaaðila og þau félagasamtök sem safnið starfar með.

### **Kjarninn í vinnunni**

Þótt sameiningaráformin hafi verið fyrirferðarmikil gekk kjarnastarfsemin að mestu vel. Fjöldi bókatitla sem gerðir voru aðgengilegir á árinu var 343 og fækkaði um tvo frá fyrra ári. Heildarfjöldi nýrra bóka á safnið var þó meiri en árið 2024 og munar þar um fleiri millisafnalán. Alls bættust 422 bókatitlar við safnið á árinu. Ávallt má gera betur og er það von allra sem starfa á safninu að fjölga megi bókatitlum í framtíðinni og gera íslensk tímarit og annað efni aðgengilegt.

## **Hljóðbækur í 70 ár**

Líkt og margar aðrar menningarstofnanir stendur safnið á herðum frumkvöðla sem sáu þörfina og létu verkin tala. Innlestur hljóðbóka á Íslandi hófst árið 1955 á vegum Blindrafélagsins og varð mögulegur með tilkomu segulbandstækninnar. Nú eru því 70 ár liðin frá því fyrstu hljóðbækurnar á íslensku litu dagsins ljós. Þetta er skemmtileg staðreynd, þótt almenn hlustun á hljóðbækur sé vissulega nýtilkomin.

## **Tækniframfarir og aðgengi**

Nýtt app var tekið í notkun á vormánuðum og var það mikið fagnaðarefni, þótt tæknin hafi ekki alltaf verið með okkur í liði við innleiðinguna. Forritið er með bættu viðmóti og styður nú innskráningu með rafrænum skilríkjum, sem lengi hefur verið beðið eftir. Samhliða þessu var lögð mikil vinna í að uppfæra bakvinnslukerfi og tryggja fyllsta gagnaöryggi.

Í heimi örra tæknibreytinga er þó mikilvægt að hafa hugfast að engir hópar verði út undan. Það er stöðug áskorun að finna rétt jafnvægi í þjónustuleiðum svo tæknin nýtist öllum, óháð stafrænni færni.

Marín Guðrún Hrafnisdóttir  
forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

# Viðauki: Samfélagslegur og fjárhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra á Íslandi

## Ákall Blindrafélagsins til Alþingis vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á fjárveitingum til Sjónstöðvarinnar

Blindrafélagið vill með þessari skýrslu vekja athygli Alþingis og fjárlaganefndar Alþingis á mikilli atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga, vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á fjárveitingum til Sjónstöðvarinnar næstu 3 árin samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi. Sjónstöðin er opinber þjónustustofnun sem gegnir lykilhlutverki í að tryggja sjálfstæði, menntun og atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga á Íslandi. Stofnunin hefur með starfsemi sinni átt stóran þátt í því að tryggja að atvinnuþátttaka þessa hóps sé ein sú hæsta meðal vestrænna þjóða, eða um 58% árið 2025.

Nýjustu útreikningar og greiningar Blindrafélagsins, sem byggja á gögnum Hagstofunnar, Tryggingastofnunar, Sjónstöðvarinnar og sjálfstæðum rannsóknum, sýna að fjárhagslegur ávinningur ríkisins af aukinni atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra á tímabilinu 2014–2025 nemur um 4,7 milljörðum króna eftir að kostnaður við opinberan stuðning hefur verið dreginn frá. Það þýðir einfaldlega að fyrir hverja krónu sem ríkið hefur varið í atvinnu- og menntastuðning við þennan hóp hefur samfélagið fengið margfalt til baka – bæði í formi aukinna skatttekna og sparnaðar í bótageiðslum.

Í ljósi þessara niðurstaðna telur Blindrafélagið það hvorki ráðlegt né ábyrgt að draga úr fjárframlögum til Sjónstöðvarinnar sem hafa verið stöðug undanfarin ár vegna kröfu um aðhald í ríkisrekstri. Slíkur niðurskurður myndi ekki leiða til sparnaðar, heldur til aukins langtímakostnaðar fyrir ríkissjóð. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi þjónustu Sjónstöðvarinnar, ekki eingöngu með úthlutun hjálpartækja, heldur einnig með því að sérfræðingarnir sem þar starfa séu til staðar í nægilegum fjölda og í takt við þann vaxandi hóp einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda. Þjónusta Sjónstöðvarinnar er fjárhagslega arðbær fjárfesting sem hefur sýnt sig í að stuðla að sjálfstæði, virkni og verðmætasköpun innan þessa hóps – og í raun fyrir samfélagið í heild.

Minnisblað Blindrafélagsins og viðbótargögn sem fylgja þessari yfirlýsingu útskýra nánar hvernig útreikningar voru framkvæmdir og á hvaða forsendum þessi niðurstaða byggir.

Blindrafélagið hvetur Alþingi til að endurmeta áform um fjárveitingum til Sjónstöðvarinnar sem áætlað er að fara í komandi þremur árum samkvæmt fjárlagafrumvarpi, og þess í stað að tryggja stöðugan og eflandi rekstrargrundvöll fyrir áframhaldandi þjónustu. Með því er ekki aðeins tryggð mannréttindaleg skylda samfélagsins gagnvart þessum hópi, heldur einnig efnahagsleg ábyrgð gagnvart framtíðinni.

Virðingarfyllt,

F.h. Blindrafélagsins

Formaður Blindrafélagsins

Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins

Reykjavík, 9. október 2025



## Hagnaður af atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra

Þann 17. september síðastliðinn hafði Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, samband við undirritaðan og bað Talnakönnun að taka saman minnisblað um þjóðhagslegan hag af þátttöku blindra og sjónskertra í atvinnulífinu.

Í skýrslunni er stuðst við gögn úr mörgum áttum sem mörg bera með sér talsverða óvissu þannig að niðurstöður verða aldrei mjög nákvæmar. Engu að síður leiðir athuginin í ljós að þjóðfélagið græðir umtalsverðar fjárhæðir á aukinni atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra, en hún er hærrí á Íslandi en í þeim löndum sem hér eru tekin til samanburðar.


### Gögn

Fyrir liggur ný könnun Gallups frá júní 2025 um atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga hér á landi sem sýnir mikla atvinnuþátttöku þessa hóps í alþjóðlegum samanburði. Árið 2014 var einnig gerð könnun af Þjónustu – og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga, *Virgni blindra og sjónskertra einstaklinga á atvinnualdri 18 – 67 ára* og litið er til hennar um samanburð. Jafnframt koma þar fram gagnlegar upplýsingar um atvinnuþátttöku sambærilegra hópa í öðrum löndum. Einnig bárust upplýsingar frá Elfu Svanhildi Hermannsdóttur forstjóra Sjónstöðvar. Gögn um atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra í ýmsum löndum er að finna í ýmsum greinum sem vitnað er til hér á eftir.

### Fjöldi stöðugilda hjá Sjónstöð

Sjónstöðin er þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra voru 261 blindir og sjónskertir á aldrinum 18 til 67 árið 2013. En samkvæmt skráningu frá 2022 eru þeir 413.

### Mynd: Stöðugildi hjá Sjónstöð 2019-2025



Heimild: Upplýsingar frá Sjónstöð

Upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá Sjónstöðinni undanfarin ár sýna, eins og sést á myndinni, að þeim hefur farið fækkandi á sama tíma og þjónustuþegum hefur fjölgað. Í fjárlögum fyrir árið 2025 fékk Sjónstöðin 495,4 m.kr. Fyrir árið 2026 liggur fyrir að Sjónstöðin fái 479,0 m.kr. Áætlun fyrir árið 2027 gerir ráð fyrir 472,8 og 2028 fyrir 468,0 m.kr. Skerðingin mun óhjákvæmilega leiða til samdráttar,

en eins og fram kemur hér á eftir hefur meiri árangur náðst í þjónustu fyrir blinda og sjónskerta en í löndum sem við berum okkur saman við.

## Atvinnuþátttaka sjónskertra í ýmsum löndum

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Danmerkur og Blindrafélagi Danmerkur (Dansk blindesamfund) er þátttaka blindra og sjónskertra á vinnumarkaði í Danmörku 32-38%.

Í norski könnun frá 2017 var atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra um 44% (51% karla og 38% kvenna). (*Visual impairment and employment in Norway*, Brunnes og Heir 2022).

Árin 2016-24 var atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra í Bandaríkjunum 34 til 45% (*American Foundation for the Blind*, 2025). <https://afb.org/research-and-initiatives/statistics/employment-bvi>

Samkvæmt skýrslu Deloitte *The socioeconomic impact of inherited retinal dystrophies (IRDs) in Canada* frá 2020 var atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra í Kanada 36%.

Samkvæmt könnun Gallups á Íslandi í júní síðastliðnum voru 58% svarenda í launuðu starfi og tæplega 16% í námi. Tæplega 9% voru í atvinnuleit, en aðrir voru heimavinnandi (17%), í starfsendurhæfingu (tæplega 6%), annað nefna 7%, en tæplega 16% segjast vera öryrkjar. Rétt er að taka fram að nefna mátti fleiri en einn möguleika sem svar. Um helmingur þeirra sem voru í launuðu starfi eru í fullu starfi eða því sem næst. Um 35% eru í 30-65% starfi, en um 15% með lægra starfshlutfall. Um 60% karla og um þriðjungur kvenna er í fullu starfi.

Í skýrslunni frá árinu 2014 kom eftirfarandi fram: Af fólki á aldrinum 18-67 ára sögðust 47,3% vera í vinnu, 13,3% í námi, 11,7% í annarri virkni, 12,2% í engri virkni, 2,1% voru skráð atvinnulaus og voru því í atvinnuleit og ekki var vitað um virkni 13,3% notenda.

Í rannsókn Ólafíu K. Guðmundsdóttur frá árinu 2007 fyrir Blindrafélagið var könnuð staða félagsmanna Blindrafélagsins á aldrinum 18-67 ára, í atvinnu- og menntamálum. Alls fengust svör frá 127 manns og af þeim reyndust þá 63% vera í vinnu, 5,5% í námi og 31,5% heima.

Niðurstaða úr þessum þremur rannsóknum er svipuð að því leyti að atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra hér á landi er um 50 til 60% sem er mun meira en í öðrum löndum. Í raun má segja að hlutfallið sé hærra ef miðað er við könnun Gallups, þegar líka er horft til þeirra sem eru í námi. Jafnframt eru nokkrir í atvinnuleit sem sýnir vilja til þess að vinna. Þetta er hærra hlutfall en í þeim löndum sem vitnað er til hér að framan þar sem þátttakan er um 40% +/-5%.

Ekki er hægt að fullyrða um aldursdreifingu blindra og sjónskertra hér á landi út frá könnun Gallups, en í skýrslunni um virkni blindra frá 2014 er fjallað um 186 einstaklinga sem voru á atvinnualdri árið 2013, það er 18-67 ára, og glímdu fyrst og fremst við sjónskerðingu eða blindu og nutu aðstoðar Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Þar af voru 102 karlar og 84 konur. Byggt er á þessum hópi við útreikningana, þ.e. lögð er til grundvallar aldursskipting og atvinnuþátttaka þessa hóps og tekið mið af tekjum einstaklinga skv. upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

Í ljós kom að virknin var mismunandi eftir aldri. Í yngsta aldurshópnum, 18 – 30 ára, voru 16% að vinna, hjá notendum á aldrinum 31 – 59 ára reyndust 57,9% vera í vinnu og hjá notendum á aldrinum 60-67 ára reyndust 35,7% vera í vinnu. Í skýrslunni er sýnt á stöplariti hve margir í hverjum árgangi voru í vinnu. Ekki lágu fyrir nýrri sambærilegar upplýsingar, en gert er ráð fyrir því að aldursdreifingin nú sé með sama hætti í útreikningum hér á eftir.



## Útreikningar

Með því að skoða aldursdreifingu í hópi notenda í skýrslunni um virkni sjónskertra og tengja hana, má áætla hverjar atvinnutekjur hefðu orðið miðað við að allur hópurinn hefði verið virkur og með meðaltekjur miðað við sinn aldurshóp (miðað við tekjur einstaklinga árið 2023). Þá fæst að ef allir 413 hefðu verið virkir væri framlagið 2.905 milljónir króna á ári. Miðað við upplýsingar um atvinnuþátttöku samkvæmt könnun Gallups eru tekjur þeirra sem vinna alls um 1.685 milljón króna á ári.

Berum þessa tölu saman við atvinnuþátttöku í öðrum löndum. Samkvæmt framansögðu virðist atvinnuþátttakan vera minni þar en hér á landi. Eldri tölur, sem vitnað var til í skýrslunni frá 2014 þar sem skoðuð var atvinnuþátttaka í fleiri löndum, gefa svipaða niðurstöðu. Ef atvinnuþátttakan á Íslandi væri svipuð og erlendis, eða um 40% þegar hún er í raun nær 60% hér á landi, væru launatekjur blindra og sjónskertra um 1.162 milljónir króna eða 523 milljónum minni en þær voru. Það er því áþreifanlegur þjóðhagslegur ávinningur af meiri þátttöku þessa hóps í atvinnulífinu hér á landi en annars staðar.

Grein frá árinu 2021 (*The Impact of Inherited Retinal Diseases in the United States of America (US) and Canada from a Cost-of-Illness Perspective* sem birtist í *Clinical Ophthalmology*) finnur út að kostnaður af minni atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra en annarra sé á bilinu 200 til 700 milljónir króna, ef tölurnar eru reiknaðar yfir á Ísland. Hér er atvinnuþátttaka þessa hóps um 50% meiri en í þessum löndum og því er tap samfélagsins hér um þriðjungi minna en í samanburðarlöndunum.

Við sjáum af tölunum að óvissa er veruleg um það hve miklu þjóðin tapar af verðmætum vegna minni þátttöku blindra og sjónskertra. Engu að síður má fullyrða að meiri atvinnuþátttaka þessa hóps hér á landi umfram það sem annars staðar leiðir til hundraða milljóna króna meiri verðmætasköpunar en í samanburðarlöndunum. Heildarhagnaður samfélagsins dreifist á ríkið, gegnum aukna skatta og minni útgjöld, lífeyrissjóði, aðstandendur og einstaklingana sjálfa. Meiri atvinnuþátttaka hér en annars staðar bendir til þess að hér hafi verið unnið gott starf í atvinnumálefnum blindra og sjónskertra og mikils virði að það haldi áfram. Stuðningur við þennan hóp hefur reynst vera þjóðhagslega arðbær eins og útreikningarnir bera með sér.

## Niðurlag

Það er öllum mikils virði að vera virkir í þjóðfélaginu. Því er mikilvægt að blindir og sjónskertir hafi sem best tækifæri til þess að vinna og njóti til þess menntunar og endurhæfingar. Þeir sem vinna eða stunda nám eru mun ánægðari með stöðu sína en þeir sem óvirkir eru og eru heilbrigðari til sálar og líkama. Auk þeirra gæða sem fylgja atvinnuþátttöku sýna framangreindir útreikningar að þjóðfélagið hefur haft mikinn beinan hag af henni í krónum og aurum talið.

Reykjavík, 3. okt. 2025



Benedikt Jóhannesson, Ph.D.

## Samfélagslegur og fjárhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra á Íslandi – Viðbótargögn og útreikningar frá Blindrafélaginu

Þessi skýrsla byggir á gögnum úr ársskýrslum Blindrafélagsins og Sjónstöðvarinnar, könnunum, gögnum frá Hagstofu Íslands og Tryggingastofnun, auk minnisblaða Blindrafélagsins frá árunum 2014 og 2025, unnin af Talnakönnun. Hér er dregið saman hvernig atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra einstaklinga hefur afgerandi jákvæð áhrif á ríkisfjármál og samfélagið í heild. Þessi uppfærsla nær yfir tímabilið 2014 til 2024/2025 og leggur áherslu á fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning af menntun og virkni á vinnumarkaði. Áætlanir og útreikningar voru unnir að hluta til með aðstoð gervigreindar.

### Lykilniðurstöður og forsendur

- Meðallaun á Íslandi 2014 voru 555 þús. kr., samanborið við 758 þús. kr. árið 2024 (regluleg laun).
  - Fullur örorkulífeyrir með heimilisuppbót var 181.064 kr. á mánuði árið 2014 (152 þús. kr. nettó), en 421.380 kr. árið 2024 (354 þús. kr. nettó).
  - Afkoma ríkisins af vinnandi einstaklingi með meðallaun hefur hækkað úr ~143 þús. kr./mán. árið 2014 í ~217 þús. kr./mán. árið 2024.
  - Samfélagslegur ávinningur á mánuði af því að einstaklingur vinni í stað þess að vera á örorku hefur hækkað úr ~295 þús. kr. í ~571 þús. kr./mán.
  - Ársávinningur fyrir samfélagið er því nú um 6,8–7 m.kr. á einstakling (miðað við 2024/2025), samanborið við ~3,5 m.kr. árið 2014.
  - Kostnaður ríkisins við að styðja blindan eða sjónskertan nemanda í námi er áætlaður 1,37 m.kr. á ári, eða 4,11 m.kr. fyrir 3ja ára nám.
- Talan 1,37 milljónir króna á hvern einstakling á ári byggir á áætluðum kostnaði ríkisins við sértækan menntunarstuðning, þar á meðal ráðgjöf, hjálpartæki, aðlögun námsefnis og aðra aðstoð sem gerir blindum og sjónskertum kleift að stunda nám og atvinnu á jafnréttisgrundvelli.**
- Einstaklingur sem fær slíkan stuðning og kemst á vinnumarkað „borgar sig til baka“ til ríkisins á um 7 mánuðum á vinnumarkaði að útskrift lokinni, m.v. 3ja ára háskólanámi.

### Samanburður 2014 og 2024/25

Liður	Minnisblað 2014	Uppfært 2024/25
Fjöldi blindra og sjónskertra	1.458	1.700–1.720
Meðallaun á mán.	555 þ.kr.	758 þ.kr.
TR greiðslur á mán. (nettó)	152 þ.kr.	354 þ.kr.
Ávinningur af atvinnu á mán. (skattar+gjöld)	143 þ.kr.	217 þ.kr.
Heildarávinningur á mán. per einstakling	295 þ.kr.	571 þ.kr.
Heildarávinningur á ári per einstakling	~3,5 m.kr.	~6,8–7 m.kr.

## Raunverulegur ávinningur 2014–2025

Greining Blindrafélagsins á þróun atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra á tímabilinu 2014–2025 sýnir að ríkið hefur notið hreins fjárhagslegs ávinnings upp á 4,7 milljarða króna af aukinni atvinnuþátttöku þessa hóps, eftir að opinber kostnaður við atvinnu- og menntastuðning hefur verið dreginn frá.

Þessi niðurstaða byggir á:

- Aukningu í fjölda blindra og sjónskertra á vinnualdri úr ~278 í ~464 einstaklinga (+186)
- Hækkun atvinnuþátttöku úr 47,3% í 58%
- Árlegum samfélagslegum ávinningi ríkis á hvern vinnandi einstakling (6,9 m.kr./ár)
- Áætluðum stuðningskostnaði (750 milljónir kr. á tímabilinu 2014-2024/2025 fyrir allan hópinn).

## Tölur: Raunverulegur ávinningur og kostnaður 2014–2025

Liður	Tölugildi	Athugasemd
Aukning í fjölda á vinnualdri	+186 manns	2014–2025
Hækkun í atvinnuþátttöku	+10,7%	47,3% → 58%
Heildarávinningur samfélagsins	5,44 milljarðar kr.	Sparnaður + skatttekjur
Áætlaður kostnaður við menntunarstuðning	750 milljónir kr.	Atvinnu- og menntustuðningur
Nettó fjárhagslegur ávinningur ríkisins	≈ 4,7 milljarðar kr.	Hreinn ávinningur 2014–2025

## Ályktun og samantekt

Þessi þróun sýnir svart á hvítu að fjárfesting í menntun og atvinnustuðningi við blinda og sjónskerta skilar sér margfalt til baka. Á aðeins 11 árum hefur ríkissjóður fengið um 4,7 milljarða króna í hreinan ávinning, sem staðfestir að þjónusta Sjónstöðvarinnar er ekki útgjaldaliður heldur fjárfesting sem stuðlar að sjálfbærni, sjálfstæði og virkni þessa hóps.

Samanburður milli 2014 og 2024/2025 sýnir að samfélagslegur og fjárhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra hefur meira en tvöfaldast á tíu árum. Meðallaun hafa hækkað um rúmlega 35%, örorkubætur hafa hækkað, en samt sem áður hefur bilið á milli vinnu og örorku aukist verulega vegna hækkanði skatttekna og sparnaðar í bótagreiðslum. Fjárfesting í þjónustu Sjónstöðvarinnar og menntunarstuðningi við þennan hóp er því ekki kostnaður, heldur fjárhagslega hagkvæm fjárfesting fyrir samfélagið.

Blindrafélagið ítrekar því að það sé ekki ráðlegt að skerða framlög til Sjónstöðvarinnar, þar sem slíkur niðurskurður myndi rýra atvinnuþátttöku, minnka tekjur ríkisins og auka langtímakostnað samfélagsins. Mikilvægt er að Sjónstöðin hafi fjárhagslega burði til að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 160/2008 um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, og að fjöldi stöðugilda sérfræðinga innan Sjónstöðvarinnar haldist í hendur við fjölda þjónustuþega sem stofnunin sinnir hverju sinni.











# BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939



**Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - [blind.is](http://blind.is) - [blind@blind.is](mailto:blind@blind.is)**